

## 2018 nr. 84 25. júní

### Lög um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum

Tóku gildi 28. júlí 2018. Breytt með: L. 141/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfræði sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við heilbrigðisráðherra eða heilbrigðisráðuneyti sem fer með lög þessi.

#### ■ 1. gr. *Markmið og gildissvið.*

- Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir notkun tiltekinna efnna og lyfja í þeim tilgangi að bæta líkamlega frammistöðu svo að meðferð og notkun þeirra skaði ekki heilsu fólks. Markmið laga þessara er enn fremur að efla fræðslu og forvarnir ásamt því að koma í veg fyrir ólögmæta markaðssetningu slíkra efnna og lyfja.
- Lög þessi gilda um eftirfarandi efni og lyf:
  1. Vefjaaukandi stera.
  2. Testósterón og afleiður þess auk samsvarandi efnna með karlhormónaáhrif.
  3. Vaxtarhormón.
  4. Erýtrópóietín og efni sem hafa sambærileg áhrif með því að auka magn rauðra blóðkorna í blóði umfram eðlileg gildi fyrir aldur og kyn.
  5. Efni sem auka myndun og losun:
    - a. vaxtarhormóna,
    - b. testósteróns og afleiðna þess eða sambærilegra efnna með karlhormónaáhrif eða
    - c. náttúrulegra rauðkornavaka (erýtrópóietíns).

#### ■ 2. gr. *Varsla og meðferð.*

- Varsla og meðferð tiltekinna efnna og lyfja skv. 2. mgr. 1. gr., sem notuð eru til að bæta líkamlega frammistöðu, er óheimil. Innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla og varsla slíkra efnna og lyfja er bönnuð með undantekningum skv. 2. og 3. mgr.
- Lyfjastofnun getur veitt undanþágu frá banni 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Slíkar undanþágur eru ávallt afturtækar.
- Ákvæði 1. mgr. á ekki við um lyf sem hlotið hafa markaðsleyfi skv. 1. mgr. 7. gr. lyfjalaga eða Lyfjastofnun hefur heimilað að notuð séu skv. 7. mgr. 7. gr. lyfjalaga.

#### ■ 3. gr. *Fræðsla.*

- Það ráðuneyti sem fer með fræðslumál skal í samráði við ráðuneytið og embætti landlæknis sjá til þess að fram fari fræðsla í því skyni að draga úr og koma í veg fyrir heilsutjón af völdum neyslu frammistöðubætandi efnna.

#### ■ 4. gr. *Viðurlög.*

- Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum laga þessara og eftir atvikum reglugerð sem sett er á grundvelli þeirra.
- Heimilt er að ljúka minni háttar málum með físekt lögreglu eða [tollyfirvalda]<sup>1)</sup> og upptöku efnna og lyfja í þeim tilvikum er mál telst að fullu upplýst og sakborningur fellst á slík málalok.
- Varsla eða meðferð efnna og lyfja skv. 2. gr. skal aðeins vera refsiverð þegar halldagt magn efnna er umfram það sem talist getur til eigin neyslu.
- Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara. Lyf og efni sem lög þessi taka til og eru flutt hingað til lands eða seld ólöglega hér á landi skulu gerð upptæk með dómi. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.
- Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.
- Heimilt er að refsa fyrir brot á lögum þessum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.
- Sé brot framið í starfsemi lögðila má gera lögaðilanum físekt samkvæmt ákvæðum II. kafla A almennra hegningarlaga.

<sup>1)</sup> L. 141/2019, 37. gr.

#### ■ 5. gr. *Reglugerðarheimild.*

- Ráðherra er heimilt að ákvæða í reglugerð að efni eða lyf, sem ekki eru tilgreind í 1. gr. en hætt er við að verði misnotuð vegna eiginleika þeirra til að bæta líkamlega frammistöðu, skuli lúta sömu takmörkunum og um getur í 2. gr. Þá getur ráðherra í reglugerð kveðið nánar á um heimild Lyfjastofnunar til að veita undanþágur skv. 2. gr.

#### ■ 6. gr. *Gildistaka.*

- Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### ■ 7. gr. *Breyting á öðrum lögum. . .*